

# Stofnanasamningur

## milli Dagvistar og endurhæfingamiðstöðvar MS sjúklinga (d&e MS) og SFR-stéttarfélags í almannajónustu

(Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs 1. febrúar 2005).

### 1. Gildissvið.

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá d&e MS.

### 2. Forsendur röðunar

Störfum skal ráðað miðað við eðli starfs og starfslýsingu. Þess gætt að samræmi sé milli þeirra þátta sem móta starfið. Ráða skal í launaflokka í samræmi við ábyrgð og umfang þeirra skv. hlutlægum mælikvörðum sem er grunnröðun viðkomandi starfs.

### 3. Starfaflokkar.

#### 3.1. Grunnröðun starfa í launaflokka.

- Aðstoðarmatráður 014
- Aðstoðarmaður í sjúkraþjálfun 014
- Gjaldkeri 016

### 4. Viðbótar forsendur fyrir röðun í launaflokka.

#### 4.1. Starfsreynsla.

Starfsmaður sem hefur öðlast starfsreynslu hjá stofnuninni skal hækka miðað við grunnröðun sem hér segir.

- Starfsmaður með eins árs starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með þriggja ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk
- Starfsmaður með níu ára starfsreynslu skal hækka um 1 launaflokk

Jafnframt skal meta starfsreynslu hjá öðrum sem nýtist í starfi að hluta eða öllu leyti:

#### 4.2. Starfsnám, símenntun.

Starfsmaður sem lokið hefur starfsmenntun, sem viðurkennd er af samningsaðilum, og nýtist í starfi, skal fá það metið til flokka hækkana þegar eftirfarandi tímalengd er náð:

- 1 lfl. við 60 kennslustundir.
- 1 lfl. til viðbótar við 120 kennslustundir.
- 1 lfl. til viðbótar við 200 kennslustundir.

Samtals hækkun allt að 3 launaflokkar.

#### 4.3. Starfstengdar forsendur.

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur :

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni

- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð.
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi.
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu.
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi.

Stofnunin skal halda til haga skriflegum rökum sem liggja að baki hækkunar á launaflokkum samkvæmt þessum lið. Samstarfsnefnd á rétt á því að fá að sjá umræddar forsendur.

## **5. Endurskoðun**

Endurskoða skal samninginn samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra. Einnig er heimilt að taka til endurskoðunar einstök ákvæði samningsins hvenær sem er, ef aðilar eru sammála um það.

Stofnanasamningurinn gildir frá og með 1. maí 2007.

Reykjavík 31. maí 2007

F.h. d&e MS

F.h. SFR stéttarfélags í almannáþjónustu